

Heimspeki með börnum

Kennsluleiðbeiningar með bókinni:

SAGAN AF MÚSA-MÚS

Höfundar: Moshe Okon, Sigrún Birna Birnisdóttur og Sara Vilbergsdóttir
Mál og menning, Reykjavík 1997

Lundarsel 2000-2001

Sagan af Músa-mús.

Gefin út 1997 af Máli og menningu, Reykjavík.

Þetta eru kennsluleiðbeiningar sem unnar voru í heimspekisamræðum við leikskólabörn í leikskólanum Lundarseli á Akureyri, út frá bókinni Sagan af Músa-mús. Hugmyndir fylgja af ýmsum verkefnum sem hægt er að vinna út frá efni bókarinnar.

Kaupa

Bls. 4.

- Hvað er að kaupa eitthvað?
- Hvernig kaupir maður?
- Hvað get ég keypt?
- Er hægt að kaupa hús?
- Er hægt að kaupa börn?
- Er hægt að kaupa dýr?
- Til hvers að kaupa eitthvað?
- Er gott eða vont að kaupa eitthvað?
- Er hægt að kaupa allt?

Verkefni

Fara í búðarleik. Skiptast á að kaupa og selja.
Börnin búa til peninga eða kort.
Teikna, hvað langar mig mest til að kaupa? Af hverju?

Stór

- Hvað er að vera stór?
- Hvað er stórt?
- Getur allt verið stórt?
- Getur lítið orðið stórt?
- Getur stórt verið lítið?
- Geta börn verið stærri en fullorðið fólk?
- Eru blóm stór? Geta þau verið stór?
- Eru mýs stórar?
- Getum við verið viss um að fill sé stór?
- Hvernig vitum við að eitthvað er stórt?

Verkefni

Setja pappír á gólfið, barnið leggst á gólfið og útlínur þess eru dregnar upp. Gaman er að mála fötin sín og hárlit og fleira á blaðið. Þegar búið er að teikna allan hópinn eru myndirnar hengdar upp, þær mældar og skoðað hver er stærstur í hópnum og hver er minnstur. Kennarinn getur einnig verið með til gamans. Barnið miðar sjálft sig við ýmislegt í umhverfinu sínu og spáir í það hvort það sé stórt miðað við t.d. tré, stein, hús, bíl, fullorðinn eða flugu.

Gæta sín

- Hvað er að gæta sín á einhverju?
- Á hverju þarf ég að gæta mín?
- Hvernig gætir maður sín?
- Til hvers að gæta sín?
- Þarf að gæta sín á dóti?
- Þarf að gæta sín á hjóli?
- Er vont eða gott að gæta sín?
- Hvernig veit ég að ég þarf að gæta mín?

Hræddur

- Hvað er að vera hræddur?
- Hvernig veit ég að ég er hrædd/ur?
- Við hvað er ég hrædd/ur?
- Af hverju að vera hrædd/ur?
- Er hægt að þykjast vera hrædd/ur?
- Hvernig líður þeim sem eru hræddir?
- Er hægt að vera hræddur við mat?
- Er hægt að vera hræddur við fólk?
- Þarf ég að vera hrædd/ur við ljón?
- Er gott eða vont að vera hræddur?

Verkefni:

Leika það sem ég er hrædd/ur við og hvernig eru svipbrigði á þeim sem eru hræddir?
Skoða sjálfan sig hrædda/ an í spegli.
Teikna sig hrædda/an og af hverju er ég hrædd/ur?

Duglegur

Bls.7

- Hvað er að vera duglegur?
- Hvernig get ég verið dugleg/ur?
- Til hvers að vera dugleg/ur?
- Hvernig veit ég að ég er dugleg/ur?
- Er hægt að vera latur en samt dugleg/ur?
- Geta dýr verið dugleg?
- Getur snjór verið duglegur?
- Af hverju er ég dugleg/ur?
- Er gott eða vont að vera duglegur

Að vera enga stund

- Hvað er að vera enga stund?
- Hvernig veit ég að það er engin stund?
- Er hægt að vera enga stund?
- Er gott eða vont að vera enga stund?
- Getur mús verið enga stund?
- Getur sólin verið enga stund?
- Til hvers að vera enga stund?

Verkefni:

Kennarinn fer og nær í eitthvað og segir: „Ég verð enga stund!“ Hópurinn fylgist með.
Börnin prófa að gera eins og kennarinn.

Rogginn

- Hvað er að vera rogginn?
- Hvernig veit ég að einhver er rogginn?
- Geta hús verið rogginn?
- Er gott eða vont að vera rogginn?
- Hvernig er sá sem er rogginn?
- Til hvers að vera rogginn?

Lita

- Hvað er að lita?
- Til hvers að lita?
- Hvernig veit ég að ég er að lita?
- Er hægt að lita allt?
- Má lita allt?
- Með hverju lita ég?
- Geta kettir litað?
- Geta bílar litað?
- Er gott eða vont að lita?
- Hvað lita ég?
- Hvað ef engir litir væru til?

Verkefni:

Börnin fá málningu (einungis grunnlitina) þau eru beðin að mála ekkert sérstakt heldur skoða litina, blanda þeim saman og velta því fyrir sér hvernig þeir blandast. Kennarinn útbýr blað með fjórum reitum. Tveir reitir eru fyrir þá liti sem eru í uppáhaldi hjá barninu og tveir reitir eru fyrir þá liti sem barninu finnst ljótastir. Gott að skrifa við reitina hvað er hvað. Hvert barn segir frá uppáhalds lit eða litum og einnig hvaða litur því finnst ljótastur. Síðan málar barnið litina inn í reitina.

Ískur

Bls. 8

- Hvað er ískur?
- Hvaðan kemur ískur?
- Úr hverju er ískur?
- Er hægt að búa til ískur?
- Hvar get ég heyrt ískur?
- Er ískur gott eða vont?
- Hvað ískrar?Hugsaði

Hugsa

- Hvað er að hugsa?
- Hvernig hugsa ég?
- Til hvers að hugsa?
- Hugsa allir eins?
- Getur einhver vitað hvað ég hugsa? Hvernig?
- Er hægt að mála hugsanir?
- Getur einhver hugsað fyrir okkur?

- Með hverju hugsum við?
- Hugsa dýr? Með hverju?
- Hugsar sólin?
- Hvernig veit ég að ég er að hugsa?
- Er hægt að hugsa með tánum?
- Er hægt að sleppa því að hugsa?
- Hugsar maður á nóttunni?

Verkefni

Skoða bók með myndum af líkamanum og skoða heilann, hvernig hugsum við? Börnin leggjast á dýnur og loka augunum, róleg tónlist spiluð. Þau eru beðin um að liggja í smá stund og hugsa um það hvenær þau voru glöð síðast. Síðan segja allir frá því sem þeir hugsuðu.

Slökun. Kennarinn finnur stutta rólega sögu þar sem auðvelt er að slaka á og ímynda sér umhverfi og fl. Einnig er mjög gott ef kennarinn býr til söguna sjálfur. Börnin liggja, sitja á dýnu og kennarinn les eða segir frá. Markmiðið er að öll börnin geti ímyndað sér og taki þátt. Dæmi: Það er gott veður, sólin skín og geislarnir faðma okkur, við skulum faðma geislana. Sjáið þið þá?

Heyra

- Hvað er að heyra?
- Með hverju heyri ég?
- Hvernig heyrum við?
- Af hverju heyri ég?
- Hvað ef ég heyrir ekki?
- Heyra allir sem eru með eyru?
- Heyra dýr?
- Heyra steinar?
- Heyra álfar?
- Er gott eða vont að heyra?
- Get ég ráðið því hvað ég heyri og hvað ekki?

Verkefni

Börnin hlusti á tónlist, þau prófi að halda fyrir eyrun og sleppa til skiptis. Börnin fari út og hlusti á umhverfið. Börnin hlusti á eitthvað óþægilegt hljóð, t.d háværa tónlist eða tón úr einhverju hljóðfæri. Umræður í lokin um hljóð, óþægileg og þægileg. Hvernig væri það ef við heyrðum allt, líka þegar fluga flýgur?

Þorir

Bls. 11

- Hvað er að þora?
- Hvernig þorum við?
- Hverju þorum við?
- Þora dýr einhverju?

Skuggi.

- Hvað er skuggi?
- Hvaðan kemur skuggi?
- Hvernig er skuggi á litinn?
- Get ég verið skuggi?
- Kemur skuggi af dýrum?
- Er skuggi vondur eða góður?
- Er hægt að mála skugga?
- Get ég búið til skugga?
- Er skuggi lifandi?
- Hvaðan kemur skuggi?

Verkefni:

Ljósín eru slökkt, kennarinn er með vasaljós eða lampi notaður. Síðan fá öll börnin að búa til skuggamyndir á vegginn. Búa til skuggaleikhús.

Stjarnur

Bls. 12

- Hvað er að vera stjarnur?
- Hvernig verð ég stjörf/stjarnur?
- Geta blóm verið stjörf?
- Hvernig veit ég hvort ég sé stjörf/stjarnur?
- Er gott eða vont að vera stjarnur?
- Til hvers að vera stjarnur?

Brotnaði

- Hvað er að brotna?
- Hvernig brotnar eitthvað?
- Getur allt brotnað?
- Get ég brotnað?
- Geta tré brotnað?
- Geta dýr brotnað?
- Hvers vegna að brotna?
- Get ég teiknað eitthvað brotið?
- Getur litur brotnað?
- Hvað geri ég ef eitthvað brotnar?
- Er hægt að brjóta í þykjustunni?
- Er hægt að brjóta blað?

- Hvað eru tár?
- Hvernig eru tár?
- Eru öll tár eins?
- Hvaðan koma tárin?
- Af hverju koma tár?
- Koma tár hjá öllum?
- Koma tár hjá flugum?
- Koma tár hjá hundum?
- Til hvers eru tár?
- Hvernig eru tár á litinn?
- Getum við búið til tár?
- Koma tár hjá fullorðnum?
- Er hægt að mála tár?

Verkefni

Skoða bók þar sem fram kemur eða sýnt er, hvaðan tár koma, úr hverju þau eru og hvernig þau eru í laginu.

Teikna eða mála tár á pappír

Leiður

- Hvað er að vera leiður?
- Hvernig er ég leiður/ur?
- Hvenær er ég leiður/ur?
- Af hverju leiður?
- Geta tré verið leið?
- Getur vindur verið leiður?
- Er hægt að þykjast vera leiður?
- Er gott eða vont að vera leiður?

Þorni

- Hvað er að þorna?
- Hvernig þornar eitthvað?
- Hvenær þornar eitthvað?
- Hvað þarf að þorna?
- Getur rigning þornað?
- Getur snjór þornað?
- Getur gras þornað?

Verkefni

Börnin bleyta handklkæði og vinda það eins vel og þau geta. Síðan finna þau út hvar best sé að setja það svo það þorni. Síðan er athugað reglulega hvort það sé orðið þurr.

Líma

- Hvað er lím?
- Hvað er að líma?
- Hvernig er límt?
- Hvað er límt?
- Til hvers að líma?
- Er hægt að líma allt?
- Hvað er hægt að líma?
- Er hægt að líma málningu?
- Er hægt að líma gler?
- Er hægt að líma allt?
- Get ég límt allt?
- Ef ég brotna er ég þá límd saman?
- Er hægt að líma fólk?

Verkefni:

Börnin búa til mynd sem þau eiga að rífa í sundur og líma síðan saman

Þvottahús

Bls.17

- Hvað er þvottahús?
- Til hvers þvottahús?
- Hvar er þvottahús?
- Hvernig er þvottahús?

Kötturinn

Bls.18

- Hvað er köttur?
- Hvernig er köttur?
- Til hvers er köttur?
- Hvað gerir köttur?
- Get ég verið köttur?
- Getur köttur flogið?

Verkefni

Skoða bækur um ketti og velta fyrir sér hvað þeir eru mismunandi. Hvað heita hinar ýmsu tegundir, kynin og afkvæmi. Eru allir kettir fallegir? Eða eru sumir ljótir? Opnar umræður á meðan verið er að skoða bækur. Ef einhver á kött, segja frá kettinum sínum. Hvað heita kettir? Búa til kött, úr t.d. pappamassa, leir, snjó, eða sandi. Helst í þrívídd.



- Hvað er pabbi?
- Til hvers er pabbi?
- Hvað gerir pabbi?
- Hvernig er pabbi?
- Getur pabbi verið mamma?
- Eiga allir pabba?
- Eiga kindur pabba?
- Eiga álfar pabba?
- Á Leppalúði pabba?
- Get ég verið pabbi?
- Er hægt að þykjast vera pabbi?
- Eru allir karlmenn pabbar?

Verkefni

Öll börnin mála pabba sinn á stórt blað. (A3)

Hjálpa

- Hvað er að hjálpa?
- Hvenær er hjálpað?
- Til hvers að hjálpa?
- Hverjir þurfa hjálp?
- Hverjir hjálpa?
- Get ég hjálpað?
- Geta allir hjálpað?
- Er gott eða vont að hjálpa?
- Vilja allir fá hjálp?

Verkefni

Börnin hjálpa hvort öðru að klæða sig.
Tveir og tveir spila saman eða teikna mynd saman

Snjallræði

- Hvað er snjallræði?
- Hvernig er snjallræði?
- Getur allt verið snjallræði?

Hringi

- Hvað er hringur?
- Hvers vegna að ganga í hring? Sbr. söguna.
- Get ég búið til hring?
- Er hægt að mála hring?
- Er hægt að sitja í hring?
- Er hægt að breyta öllu í hring?
- Er hægt að keyra í hringi?

Verkefni

Börnin setjast í hring, standa í hring, ganga í hring, hlaupa í hring, hoppa í hring. Bækur skoðaðar og börnin leita eftir hringjum eða einhverju hringlaga. Umræður á meðan um hringi

Þrusk

- Hvar er þrusk?
- Í hverju heyrst þrusk?
- Er hægt að búa til þrusk?

Fela sig


Bls. 25

- Hvað er að fela sig?
- Til hvers að fela sig?
- Geta allir falið sig?

	• Já	Nei	Hvernig?
Geta fiskar falið sig?			
Geta hús falið sig?			
Getur sólin falið sig?			
Getur tónlist falið sig?			
Geta kettir falið sig?			

Verkefni

Börnin fara í feluleik, úti eða inni. Einnig geta þau falið hlut inni. Það er einn sem felur hlut inn í herbergi. Hinir fara út úr herberginu, koma svo inn og sá sem faldi hlutinn er spurður af hinum börnunum hvort hluturinn sé á sjó, landi eða lofti.



- Hvað er að anda?
- Hverjir anda?
- Til hvers að anda?
- Með hverju anda ég?
- Getur allt andað?
- Anda allir eins?
- Geta tré andað?
- Með hverju anda fiskar?
- Með hverju anda hundar?
- Andar himininn?

Verkefni:

Anda á spegil og sjá hvað kemur á hann?

Flækju

- Hvað er flækja?
- Hvað flækist?
- Af hverju flækist eitthvað?
- Til hvers er flækja?
- Getur fólk flækst?
- Geta tré flækst?
- Getur allt flækst?
- Geta mýs flækst?
- Er hægt að flækja eitthvað viljandi?
- Er hægt að flækja eitthvað óvart?
- Hvað get ég gert þegar eitthvað er flækt?

Verkefni:

Fara í flækjuleik. Eitt barn sem byrjar á því að grúfa svo það sjái ekki hvernig hin börnin flækja sig. Börnin fara í hring og haldast í hendur. Ekki má sleppa handabandinu. Síðan byrjar einn að fara í gegn einhversstaðar og flækir hringinn. Haldið áfram að flækja þangað til það er ekki hægt að gera meira. Síðan byrjar barnið sem er á grúfu að reyna að leysa flækjuna. Það má aldrei sleppa handabandinu

Kallaði

- Hvað er að kalla?
- Hvenær kalla ég?
- Til hvers að kalla?
- Hverjir kalla?
- Má kalla allsstaðar?
- Er það það sama að kalla og æpa

Verkefni:

Börnin mála eldhúsrúllurör, fara síðan út og kalla, bæði í gegnum rörið og ekki, gaman er að fara á einhvern stað þar sem bergmálar

Mamma

- Hvað er mamma?
- Til hvers er mamma?
- Hvað gera mömmur?
- Hvernig er mamma?
- Getur mamma verið pabbi?
- Eiga allir mömmu?
- Eiga kettir mömmu?
- Eiga dvergar mömmu?
- Á Grýla mömmu?
- Er hægt að þykjast vera mamma?
- Eru allar konur mömmur?
- Eru allar mömmur eins?

Verkefni:

Börnin teikna mömmu sína á stórt blað (A3).
Það er til dæmis hægt að hengja þær við hliðina á myndunum af pabba.
Skoða mömmur í bókum, hvernig eru mömmur?
Hvernig líta mömmur út?

Faðmaði

- Hvað er að faðma?
- Hvernig faðma ég?
- Til hvers að faðma?
- Hvern faðma ég?
- Geta allir faðmað?
- Vilja allir láta faðma sig?
- Geta dýr faðmað?
- Getur sólin faðmað?
- Er gott eða vont að láta faðma sig?
- Faðma allir eins?

Verkefni:

Fara í vinaleik. Hvern viltu faðma, velja þann sem maður faðmar. (Hvernig á að faðma)
Spila Stubbaspilið sem er mjög vinalegt spil.